

SKIPULAGSBREYTING

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu vegna Hamraness í Hafnarfirði.

Á fundi bæjarstjórnar þann 13. maí sl. var lagður fram 2. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 5.maí sl. Uppfærð greinargerð aðalskipulagsbreytingar þar sem tekið hefur verið tillit til athugasemda Skipulagsstofnunar ásamt tillögu að aðalskipulagsbreytingu lögð fram. *Skipulags- og byggingarráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að breyttri greinargerð aðalskipulags Hamraness í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.* Bæjarstjórn samþykkir samhljóða afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs.

Í breytingunni felst landnotkunarbreyting við Hamranes. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem S34 (samfélagsþjónusta, 6ha) VÞ11 (verslunar- og þjónustusvæði, 3ha) og ÍB13 (íbúðarsvæði, 14ha). Með breytingunni verður landnotkun svæðisins skilgreind sem M3 (miðbær/miðsvæði), heildarstærð þess verður 23ha.

Tillögurnar eru til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhelli 2 frá 13.05.-26.06.2020. Hægt er að skoða gögnin á **www.hafnarfjordur.is** undir *íbúar/skipulag í kynningu*. Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar í síðasta lagi 26. júní 2020. Athugasemdir óskast sendar á **skipulag@hafnarfjordur.is** eða á:

*Hafnarfjarðarkaupstaður
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður*



HAFNARFJÖRÐUR

585 5500 hafnarfjordur.is